











SKÝRINGAR

-  BYGGINGARREITUR
-  GÖNGULEID/
GÖNGUSTÍGUR
-  GÖNGULEID
-  MALBIK/GÖTUR
OG BÍLASTÆÐI
-  NÁTTÚRULEG/UPPRUNALEG
STRANDLÍNA
-  LÓDARMÖRK
-  BYGGINGAR SEM LAGT ER
TIL AÐ ÆTTI AÐ FJARLÆGJA
-  BYGGINGAR SEM
ÆTTU AÐ STANDA
-  BÍLASTÆÐI



- BYGGINGARREITIR:
1. Stækun hreinsi- og dælustóvar
 2. Viðbygging við Grimshús
 3. Markaðstorg/skál/verslun/þjónusta
 4. Listamiðja/minna umfang en í dag
 5. Bátaskýli/aðstaða fyrir útivist



NÚVERANDI ÁSTAND Í BRÁKAREY:

Ásýnd eyjunnar er heldur hrörleg. Ástand húsa er misjafnlega gott og svæðið þarfnast tiltektar. Aðkoman að eyjunni er fallleg, brúin og BTB húsið dregur að. Fjölbreytt safsemi fyrirtækja er á eyjunni sem skapar yfir 20 störf. Einnig er öflugt félagsstarf á svæðinu. Höfnin er mjög snyrtileg en lítið notuð.

TILLOGUR:

Ráðast þarf í allsherjar tiltekt á svæðinu og gera þarf ýmsar úrbætur á viðhaldi húsa. Leitast er við að nýta núverandi húsnæði eins og kostur er. Hrörlegar byggingar verða rifnar/fjarlægðar af svæðinu. Megnið af starfsemi svæðisins helst óbreytt. Græða þarf upp sár og bæta inn trjágróin.

Greið og örugg gönguleið er lögð meðfram Brákarbraut sem tengist stígakerfi eyjunnar. Gert er ráð fyrir að Brákarbraut verði færð lengra frá Brákarbraut 18-22. Þannig skapast rými fyrir meira aðlaðandi götumynd og um leið er öryggi gangandi vegfarenda tryggt.

Lagt er til að göngustígur verði lagður meðfram strandlengju á austan-, sunnan- og vestanverri eyjunni, án þess þó að raska því sem eftir er af náttúrulegri strandlinu. Gert er ráð fyrir að stígurinn verður ætlaður fyrir göngu, hlaup og hjóleiðar. Gera þarf ráð fyrir hvíldaraðstöðu með jöfnu millibili meðfram stígunum. Nokkrir útsýnisstaðir með hvíldaraðstöðu eru staðsettir meðfram göngustíg.

Lagt er til að svokallað hreyfisvæði verði staðsett austan við bryggjuna, s.s. bátaskýli, aðstaða fyrir kajaksiglingar og sjósund, ásamt úti líkamsræktaraðstöðu.

Stuðlað er að auknu mannlífi og samveru með því að skapa manneskjuvænt og lífvænlegt umhverfi með góðum göngutengingum, græni svæðum og meiri gróðri (sjá skýringarupprátt), ýmis konar afþreyingu og dvalarsvæðum. Lagt er til að menningarstarfsemi verði gert hátt undir höfði til að auka mannlíf og laða fleiri að. Í því samhengi má nefna matsölu, listir, söfn, félagsstarf og viðburði í opnum rýmum/torgum.

Á borgarafundi þann 28. mars 2019 var tíðrætt um sjósund og möguleika á heitum pottum og sjóbaði. Áður en endanleg ákvörðun verður tekin er nauðsynlegt að láta meta áhættu m.a. vegna sjávarstrauma og annarra aðstæðna.

BRÁKAREY Í BORGARNESI

RAMMASKIPULAG

TILLAGA 2

KVARDI-A1: 1:500	TEIKN NR: 002
DAGS: 25.06.19	HANNAÐ: FK
FLOKKUR: 3609-borg_A	TEIKNAD: TRP
SKRÁ: 18169-gm.dwg	VERKNR: 18169

